

Kæru nýnemar, velkomin í MH.

[IB students will receive another email in English from the IB coordinator]

Stundatöflurnar ykkar eru tilbúnar og eru sýnilegar í Innu. Inna er aðgengileg frá heimasíðu skólans <https://www.mh.is/>. Til að komast inn í Innu þurfið þið rafræn skilríki. Aðstandendur ykkar komast líka inn á Innu með sínum rafrænu skilríkjum, þar til þið verðið 18 ára.

MH tekur við yfir 360 nýjum nemendum þetta haustið og verður skólinn ansi þétt setinn. Af þeim sökum munu flestir nýnemar vera með sex til sjö áfanga í töflu, að meðtöldum lífsleikni og líkamsrækt. Að auki hafa um 80 nemendur með háar einkunnir úr grunnskóla verið settir í hraðferðáfanga (2AB10), ýmist í ensku, íslensku eða stærðfræði. Þessir áfangar eru jafngildi tveggja venjulegra áfanga. Vegna fjölda nýnema er afar lítið svigrúm til töflubreytinga. Námstjórar skólans verða þó til viðtals ef þið þurfið nauðsynlega að láta breyta einhverju í sambandi við stundatöflurnar ykkar eða hafið aðrar spurningar sem brenna á ykkur. Námstjórnir verða við á skrifstofunni í dag og á morgun milli 10:00 og 14:00, sem og á föstudaginn 15. ágúst.

Nýnemakynning verður á sal skólans fimmtudaginn 14. ágúst kl. 13:00. Þar verður farið yfir helstu atriði sem skipta máli við byrjun skólagöngu í MH. Eftir kynninguna farið þið í stofur með lífsleiknikennurum ykkar þar sem verður haldið áfram að tryggja það að fyrsti skóladagurinn verði sem þægilegastur. Þetta mun taka ca. 2 klst. Athugið að kynningin er bæði hugsuð fyrir nýnema og eldri nemendur sem eru að hefja nám í MH.

Mánudaginn 18. ágúst mæta allir nemendur skólans kl. 9:00 á skólasetningu á sal. Eftir hana er farið í stofur skv. stundskrá. Ef þið eruð ekki með tíma í stundatöflunni á þessum tíma þá þurfið þið ekki að mæta fyrr en ykkar tími byrjar. Nemendafélagið mun þó skipuleggja upptökur fyrir nýja nemendur frá 11:30 og við hvetjum ykkur öll til að mæta og taka þátt í þeim.

Við hlökkum til næstu ára með ykkur í MH.

Guðmundur Arnlaugsson, konrektor.